

## AUGLÝSING

### **fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2008.**

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2008 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2008. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2008.*

F. h. r.

**Maríanna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg H. Helgadóttir.*